



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2021

STÆR1BB05

Námsáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir liðun og þáttun í algebru, velda- og rötareikning, hlutföll og prósentur sem og hnitakerfið. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og rúðustrikuð vinnubók

Námsmat:

Ástundun	5%
Vinnubók	5%
Heimaverkefni/Tímaverkefni	20%
Stöðupróf á önn	70%

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og einkunn fyrir vinnubók gilda samtals 10% af heildareinkunn áfangans. Þá verða lögð fyrir heimaverkefni og tímaverkefni sem ber að skila og gilda þau 20% af lokaeinkunn. Stöðupróf úr köflum gilda svo 70% af lokaeinkunn.

Ef nemandi nær ekki 50% af námsmarkmiðum annarinnar ber honum að taka lokapróf upp úr öllu námsefni annarinnar sem gildir þá 70% á móti 30% annareinkunn.

Ábending frá kennara:

Fjarvera úr tíma lengur en 10 mínútur jafngildir fjarvist úr kennslustund. Árangur næst aðeins ef nemandi mætir vel og stundvíslega í kennslustundir og stundar námið af alvöru.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna eða veldur truflun þá er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist á hann.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni	Verkefnaskil
2 - 6	Algebra - Liðun og þáttun	Heimadæmi Tímaverkefni Stöðupróf
7 - 10	Veldi	Tímaverkefni Stöðupróf
11 - 12	Rætur	Tímaverkefni Stöðupróf
14 - 17	Hlutföll og prósentur	Heimadæmi Stöðupróf
17	Hnitakerfið	Tímaverkefni Stöðupróf
18	Upprifjun	

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

FSu. 6. janúar 2021

Kjartan Ólason (KÓ) og Renata Lis (RL)